

77. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, 28. júní, kl. 9:00-12:20 í fundarsal Sveitarstjórnar Skagafjarðar í Húsi frítímans, Sauðárkróki.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey Kristín Skúladóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundarritarar: Guðrún Stefánsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Dagskrá:


1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Raket Heiðmarsdóttir hjá Birki ráðgjöf kynnti endurskoðað skipurit fyrir Háskólann á Hólum, verkferla og nýjar starfslýsingar stoðsviðs og stjórnenda, sem fyrirtækið hefur unnið með stjórnendum skólans. Til grundvallar þeirri vinnu var/voru:
 - stefna skólans 2021-2025,
 - úttekt stofnunar,
 - greining og rýni (e. reflective analysis),
 - umbótatækifæri, sem byggjast á viðtölum fulltrúa Birkis við starfsmenn skólans.

Birki ráðgjöf leggur til að tekið verði upp nýtt skipurit/skipulag fyrir skólann sem m.a. felur í sér tvö ný svið og gerði Raket grein fyrir hvernig þau eru hugsuð, að Fjármála- og þjónustusvið breytist í *Mannauð og rekstur* og nýtt stoðsvið, *Rannsóknir, nýsköpun og kennsla* verður til sem styrkir rannsóknir og kennsluhætti. Í viðtölum við starfsmenn kom fram eindregin ósk um mannauðsstjóra sem þá fellur undir fyrnefnt svið. Samkvæmt núgildandi skipuriti er lítil áhersla lögð á nýsköpun og verður áhersla á hana á nýju sviði. Nokkur störf verða til og önnur hverfa eða sameinast öðrum. Búið er að endurskoða allar starfslýsingar með tilliti til nýs skipurits og semja nýjar fyrir ný störf. Sýnd voru dæmi um nokkur ný, uppfærð og endurskoðuð störf. Uppsagnir verða óhjákvæmilegar í einstaka tilfellum. Auglýsa þarf störf sviðsstjóra *Mannauðs og reksturs* og *Rannsóknna, nýsköpunar og kennslu*. Upplýsingaflæði innan skólans og kynning á störfum hans út á við verða fyrst og fremst hjá mannauðsstjóra og kynningarfulltrúa. Störf kynningar- og þjónustufulltrúa og öryggis- og staðarumsjónar verða uppfærð. Starfsmenn fá bréf þar sem breytingarnar verða kynntar og ástæður þeirra. Fundað verður með þeim sem segja þarf upp og í framhaldinu verður kynningarfundur fyrir alla starfsmenn.

Háskólaráð bókaði eftirfarandi:

Háskólaráð Háskólans á Hólum samþykkir tillögu að breyttu skipulagi. Það er grundvallað á stefnu skólans 2021-2025, úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla og samtölum við starfsfólk, sem á liðnum árum hefur byggt upp öflugt starf skólans. Markmið nýs skipulags er að auka skilvirkni og styrkja liðsheildina. Háskólinn á Hólum leggur áherslu á framsækna kennslu, öflugar rannsóknir, nýsköpun og virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi. Háskólaráð kallar eftir minnisblaði frá rektor nánari útfærslu á tillögu sem kynnt var á fundinum.

Skipurit fyrir Háskólann á Hólum frá og með 1. ágúst 2021 verður:



3. Jafnlaunavottun, staða verkefnis. Orðalagi jafnlaunavottunnarskjals þurfti að breyta lítillega án þess að áherslur breyttust og var það samþykkt.

4. Rektor kynnti samkomulag um lækkun á kennsluhlutfalli prófessora við Félag prófessora og óskaði eftir umboði ráðsins til að skrifa undir það. Samþykkt.

5. Engin önnur mál.